

Heiti áfanga: ENSK3EE05

Titill: Klassískar bókmenntir, fjölmiðlatextar.

Staða áfanga: Áfanginn er fimmti áfangi í ensku og jafnframt fimmti kjarnaáfangi á málabraut. Valáfangi á öðrum brautum.

Undanfari: ENSK3DD05

Stutt lýsing á efni áfangans: Nemendur öðlast aukna þekkingu á krefjandi bókmenntaverkum og leikni í að vinna með þau. Einnig er unnið með texta um málefni sem eru ofarlega á baugi. Nemendur vinna að fjölbreyttum verkefnum sem miða að því að þjálfa nemendur í samvinnu, samræðum, hlustun, framsögn, gagnrýnni hugsun, lesskilningi og ritfærni.

Nokkur lykilhugtök áfangans: Bókmenntir, ritgerðasmíð, fjölmiðlatextar, rökræða.

Námsmat: Verkefnavinna af ýmsu tagi, próf úr textum/bókmenntum, ritgerðir, munnleg próf, ástundun. Án lokaprófs.

Heiti áfanga: ENSK3DD05

Titill: Enska til undirbúnings háskólanáms og fjölbreyttra starfa.

Staða áfanga: Áfanginn er fjórði áfangi í ensku og jafnframt fjórði kjarnaáfangi á málabraut.

Undanfarar: ENSK3CC05/ ENSK3CH05

Áfanginn er undanfari fyrir eftirfarandi áfanga: ENSK3EE05

Stutt lýsing á efni áfangans: Áhersla er á að auka enn akademískan og formlegan orðaforða í ensku til að undirbúa nemendur fyrir nám á háskólastigi og fjölbreytt störf. Nákvæmur lestur greina um ýmis málefni og hlustun á fyrirlestra og kynningar stuðla að því að nemendur geti tjáð sig af öryggi í ræðu og riti. Sem fyrr er unnið ítarlega með bókmenntaverk.

Nokkur lykilhugtök áfangans: Formlegur akademískur orðaforði, latneskir orðstofnar, forskeyti, stofnar, viðskeyti, tímaritsgreinar, bókmenntir.

Námsmat: Verkefni, smápróf, ritun, ástundun og lokapróf.

